

Útivist á Hellissandi

Eins og sést á kortinu er Tröð tengd fjölbreyttum útivistarsvæðum ofan Hellissands. Þessi svæði eru í alfaraleið, skammt frá Sjómannagarðinum, íþróttasvæðum, núverandi og væntanlegum tjaldsvæðum og í auðveldu göngufæri frá Hellissandi. Einnig er stefnt að því að reisa þjónustumiðstöð þjóðgarðsins Snæfellsjökuls við hlið Sjómannagarðsins.

Opinn skógur


Opinn skógur er samstarfsverkefni skógræktarfélaganna. Pokasjóðs og Sjóvá Fjármögnunar. Markmið verkefnisins er að opna skógræktarsvæði þar sem aðstaða og aðgengi verður til fyrirmyndar. Lögð er áhersla á upplýsingar, þannig að gestir fræðist um lífríki, náttúru og sögu viðkomandi svæðis.

Með öflugum stuðningi - Pokasjóðs og Sjóvá Fjármögnunar - opnast spennandi áningarsvæði fyrir almenning.

GÖNGUM VEL UM GRÓIÐ LAND



Skógræktarfélag Íslands, Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
sími 551-8150, skog@skog.is, www.skog.is



Tröð

Skógræktar- og landverndarfélag undir Jökli

Árið 1950 hóf Kristján Jónsson ræktun í Tröð við Hellissand. Náði hann undraverðum árangri á þessum fallega stað í hrauninu og varð svæðið í kjölfarið vel þekkt á meðal áhugafólks um skóg- og trjárækt. Tröðin er einstök gróðurvin við utanverðan Snæfellsjökul í alfaraleið, skammt frá Sjóminjasafninu, íþróttasvæðum, núverandi og væntanlegum tjaldsvæðum og í auðveldu göngufæri frá Hellissandi.

Eftir að Kristján lést ánöfnuðu ættingjar hans sveitarfélaginu Snæfellsbæ svæðið. Jafnframt var fyrir nokkru reistur heiðursvarði um Kristján í Tröðinni, skammt innan við hliðið.

Haustið 2002 gerði Skógræktar- og landverndarfélagið undir Jökli samning við Snæfellsbæ um að taka að sér umsjón svæðisins, á grundvelli sérstaks samstarfssamnings.

Hér hafa verið ræktaðar fjölmargar trjátegundir, sem hafa verið merktar á aðgengilegan hátt. Útivistaraðstaða er hér ákjósanleg með göngustígum, borðum og bekkjum og grillaðstöðu. Alltaf er skjólgott í Tröðinni og hún því kjörinn staður til að koma og njóta lífsins í fögru umhverfi.

Velkomin í skóginn

- | | | |
|----------------------|--------------------|----------------|
| ----- Garður | Upplýsingar | Bilastæði |
| — Hellulagður stigur | Áhugaverður staður | Bekkur |
| — Stigur | Grill | Borð og bekkir |
| — Stigur (400 m) | | |
| Þú ert hér | | |

